

Ný útkomin lög.

Landamerkjalog, gefin út 17. marz 1882, birt í stjórnartíðindum 1882 A. 5. bls. 54—59.

Lög um friðun fugla og hreindýra, gefin út 17. marz 1882, birt í stjórnartíðindum 1882, A. 6. bls. 60—61.

Lög um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, gefin út 17. marz 1882, birt í stjórnartíðindum 1882, A. 7. bls. 62—63.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskiveiðar Norðmanna. — 74
Eptir að það er orðið ráðgjafanum kunnugt, meðfram af skýrslu þeirri frá Trolle premierlieutenant, sem hjer fylgir eptirrit eptir¹, að Norðmenn, þá er þeir reka fiskiveiðar 7. febr.

1) Í skýrslu þessari, sem er dagsett 24. nóvbr. 1881 segir meðal annars svo:

Samkvæmt hlutverki því, sem ráðgjafinn 11. desember 1880 trúði mjer fyrir: að rannsaka nákvæmlega veiðiskap á Íslandi, leyfi jeg mjer að koma fram með þessar athugasemdir.

Þegar jeg dvaldi á Íslandi í ár, komst jeg að raun um, að skilyrðin fyrir aðgangi Norðmanna til að fiska í danskri (o: íslenzkri) landhelgi, eru sett með ýmsu móti, sitt í hverri sýslu.

Af því að það hlýtur með tímanum að hafa gagnleg áhrif til framfara fiskiveiðunum, að ötulir fiskarar flytji til Íslands, þá virðist eigi hvöt til að gjöra Norðmönnum allt of örðugt fyrir; en það virðist heldur ekki ástæða til að láta útlendinga flytja burtu auðæfi þau, sem heyra til börnum landsins, en á þá leið verður þó að skoða veiðiskap Norðmanna undir Íslandi, meðan þeir búsetja sig ekki á Íslandi. Samt er jeg viss um, að slíkt skilyrði mundi eigi fæla hina ötulu Norðmenn á braut; sjálfir viðurkenna þeir sanngirni slíks skilyrðis, með því að sömu skilyrði eru sett fyrir því, að útlendingum leyfist að reka atvinnu í Noregi.

Ísland er svo fámenn, að landsmenn eru naumast færir um, að stunda sjóinn svo, sem vera bæri; landið má því glæðlega fagna því, ef duglegir útlendir fiskarar flytjast þangað, en þó því að eins, að þeir setjist þar þá að. Það virðist vera full hvöt til, að festa sjer þessa krapta, með því að heimta búsetu í raun og veru, en ekki til málamyndar einnar. Það getur naumast samþýðst sönnum hag landsins, að norskir auðmenn auði sig á kostnað þess, en hitt þar á móti vel, að norskir fiskarar taki sjer aðsetur á Íslandi.

Jeg leyfi mjer því að skjóta því til íhugunar ráðgjafans, hvort sjerhvert nótafjelag ætti eigi að reisa hús, sem í verði búið, og banna skyldi allan veiðiskap frá norskum skipum eða niðursóltun á þeim úti og eins að nota þau til ábúðar.

Ástandið er nefnilega nú sem stendur þannig, að minnsta kosti í Suður-Múlasýslu, að nótafjelag hvert fær leyfi til að reka fiskiveiðar frá skipi, ef sönnur eru að eins færðar á það, að Norðmaður, sem fengið hefir borgararjett á Íslandi, eigi hlut í skipi eða útgjörð. Það er því alvandi, að skipstjórar í Noregi, sem eiga skip og langar til að veiða undir Íslandi, snúa sjer t. d. til Køhlers & Co. í Stafangri til að fá útgjörð sína. Hr. Køhler & Co., sem fengið hafa íslenzkan borgararjett með því að byggja hús á 4 fjörðum, tá þá lítinn hlut í útgjörðinni, og — nú er veiðiskapurinn óhindrað rekinn í nafni þeirra.

Það er þessi grein af fiskiveiðum Norðmanna við Ísland, sem eptir minni ætlun gengur útyfir þau takmörk, er lög leyfa, og sem, þá er til kemur, hlýtur að mega koma í veg fyrir með því, að leggja svo fyrir, að öll þau skip, sem þeir Norðmenn eiga, sem á Íslandi búa, skuli svara aðflutningsgjaldi því til Íslands, sem lögbóðið er, og að með engu móti megi nota skip undir útlendu flaggi til fiskiveiða eða fiskiverkunar innan danskra (íslenzkra) landhelgi.

Jeg leyfi mjer því að bera það undir álit ráðgjafans, hvort það geti álitizt löglegt, að skip undir útlendu flaggi reki óhindrað veiðiskap í landhelgi, enda þótt þau heyri til einhverjum Norðmanni, sem búsettur er á Íslandi, og hvort eigi beri að binda rjettinn til þessa við það, að aðflutningsgjald hafi góldið verið af skipinu og því útvegað danskt flagg.

4. dag maím. 1882.

74 í landhelgi við Ísland, hafi á ýmsan hátt brotið lög þau, er um þetta efni gilda, hefir ráðgjafinn, svo sem sjá má af brjefi því, dags. í dag, til utanríkisráðgjafans, sem hjer fylgir eptirrit eptir, tekið fram aðalákvarðanir þær, sem um þetta efni gilda, og skorað á utanríkisstjórnina að leggja fyrir hina dönsku konsúla í Noregi að birta þessar ákvarðanir fyrir Norðmönnum.

Um leið og yður, herra landshöfðingi, er tjáð þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal þjónustusamlega á yður skorað, að þjer vilduð þóknanlega sjá um, að fyrir bæjarfógeta og sýslumenn verði lagt að gæta þess nákvæmlega, að fiskiveiða-lögum þeim, er nú eru í gildi, verði fylgt, eins og þau í aðalatriðum sínum eru fram sett í brjefinu til utanríkisráðgjafans, og að það verði sjerstaklega brýnt fyrir embættismönnum þessum, að hafa strangt eptirlit með því, að eigi sje farið í kringum ákvörðunina um fasta búsetu á þann hátt, sem um er getið í skýrslu Trolles, eða á þann hátt að veiðin sje rekin af hlutafjelögum eða samlögum, þó hver einstakur fjelagsmaður fullnægi eigi skilyrðunum fyrir því að mega reka fiskiveiðar í landhelgi, og ber þar að auki að gæta þess, að veita engum útlandingi borgarabrjef eða atvinnuskirteini, nema hann hafi í raun og veru sezt að í landinu (sbr. 2. grein opins brjefs 28. desbr. 1836).

Að öðru leyti vonast ráðgjafinn eptir að fá þóknanleg ummæli yðar, herra landshöfðingi, bæði um innihald skýrslu Trolles premierlieutenants og um fiskiveiðamálið í heild sinni.

75 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til utanríkisráðgjafans um fiskiveiðar Norð-
7. febr. manna. — Samkvæmt skýrslum, er ráðgjafinn hefir fengið, verður að ætla, að fiskiveiðar þær, er Norðmenn hafa rekið síðustu árin við Ísland, hafa á ýmsan hátt komið í bága við íslenzku fiskiveiðalögin, og verður því að álíta það óskilegt, að lagaákvarðanir þær, er hjer eiga við, verði birtar almenningi í Noregi; en það mun brýnt fyrir hinum íslenzku yfirvöldum að gæta þess nákvæmlega, að þeim verði fylgt fram.

Fyrir því væri ráðlegt að leggja fyrir hlutaðeigandi dönsku konsúla að birta Norðmönnum þessar aðalákvarðanir um fiskiveiðar í landhelgi við Ísland.

1. að engir aðrir en danskir þegnar megi stunda fiskiveiðar í landhelgi.

2. að utanríkismenn, sem óska að veiða *annadhvort sjer eða í sameiningu við Íslendinga eða aðra danska ríkisþegna* verða, að hafa öðlast *fast heimili* annadhvort á Íslandi eða Danmörku eptir reglum þeim, er um heimilisfang gilda; en að kaup á borgarabrjefi eða atvinnuskirteini alls enga þýðingu hafa í þessu tilliti.

3. að brot geng ákvörðunum þessum varða sektum samkvæmt tilsk. 12. febr. 1872.

4. að skip þau eða bátar, sem hafðir eru til fiskiveiða, skulu vera *dönsk eign*, og að engin önnur skip verða höfð til að verka aflann, til að hýsa fiskarana eða annars þess háttar.

5. að því er snertir mennina á skipum þeim, er höfð eru til fiskiveiða, skal breyta eptir opnu brjefi 27. maí 1859, þannig, að auk skipstjóra og stýrimanns skal helmingurinn af hásetunum eiga heina í hinu danska ríki, ef skipið er gjört út frá Ís-

Svo að sömu reglu verði hvervetna fylgt í meðferð nefndra atríða, leyfi jeg mjer að stinga upp á, að sýslumönnum á Íslandi verði gefin ákveðin fyrirmæli eptir að fara í þessu efni, og að breytingar þær, er gjörðar kunna að verða frá því, sem nú er, verði hinir dönsku konsúlar í Noregi látnir birta þar í landi.